

REGLUGERÐ
um breytingu á reglugerð um þvingunaraðgerðir
í ljósi ástandsins í Venesúela, nr. 380/2018.

1. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi töluliðir bætast við 2. gr. reglugerðar um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Venesúela nr. 380/2018, í rétttri númeraröð:

- 1.14 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2025/43 frá 9. janúar 2025 um breytingu á ákvörðun (SSUÖ) 2017/2074 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Venesúela, sbr. fylgiskjal 1.14.
- 2.14 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2025/44 frá 9. janúar 2025 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (ESB) 2017/2063 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Venesúela, sbr. fylgiskjal 2.14.

2. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 4. og 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008, öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 26. febrúar 2025.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
utanríkisráðherra.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal 1.14.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2025/43
frá 9. janúar 2025
um breytingu á ákvörðun (SSUÖ) 2017/2074
um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Venesúela

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 13. nóvember 2017 samþykkti ráðið ákvörðun (CFSP) 2017/2074⁽¹⁾.
- 2) Hinn 13. maí 2024 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2024/1339⁽²⁾ um framlengingu þvingunaraðgerðanna, sem settar eru fram í ákvörðun (SSUÖ) 2017/2074, til 10. janúar 2025. Með ákvörðun (SSUÖ) 2024/1339 voru einnig felldar tímabundið úr gildi ferðatakmarkanir sem gilda um fjóra einstaklinga sem eru á skránni yfir einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir sem sett er fram í I. viðauka við ákvörðun (SSUÖ) 2017/2074.
- 3) Á grundvelli endurskoðunar ákvörðunar (SSUÖ) 2017/2074 og með tilliti til sívaxandi pólitísku neyðarástands í Venesúela, þráláttra aðgerða sem grafa undan lýðræði og réttarríkinu, sem og áframhaldandi mannréttindabrota og bælingar borgaralegs samfélags og lýðræðislegrar stjórnarandstöðu, þ.m.t. í tengslum við framferði og gang mála í kjölfar forsetakosninganna 28. júlí 2024 í Venesúela, ætti að framlengja þvingunaraðgerðirnar, sem settar eru fram í þeirri ákvörðun, til 10. janúar 2026.
- 4) Þar að auki þykir rétt að aflétta tímabundnum ferðatakmarkunum sem innleiddar voru með ákvörðun (SSUÖ) 2024/1339.
- 5) Enn fremur ætti að uppfæra færslur um 14 einstaklinga í I. viðauka við ákvörðun (SSUÖ) 2017/2074.
 - 6) Því ætti að breyta ákvörðun (SSUÖ) 2017/2074 til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun (SSUÖ) 2017/2074 er breytt sem hér segir:

- 1) Í 6. gr. fellur 1. mgr. brott.
- 2) Í stað fyrstu málsgreinar 13. gr. kemur eftirfarandi:
„Ákvörðun þessi gildir til 10. janúar 2026.“
- 3) Ákvæðum I. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 9. janúar 2025.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

A. SZLAPKA

⁽¹⁾ Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2017/2074 frá 13. nóvember 2017 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Venesúela (Stjtið. ESB L 295, 14.11.2017, bls. 60, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2017/2074/oj>).

⁽²⁾ Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2024/1339 frá 13. maí 2024 um breytingu á ákvörðun (SSUÖ) 2017/2074 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Venesúela (Stjtið. ESB L, 2024/1339, 14.5.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2024/1339/oj>).

VIÐAUKI

[Viðaukar eru birtir á vef Stjórnartíðinda ESB: <http://data.europa.eu/eli/dec/2025/43/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur viðaukanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér: https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.

Fylgiskjal 2.14.**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2025/44****frá 9. janúar 2025****um framkvæmd reglugerðar (ESB) 2017/2063 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Venesúela**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (ESB) 2017/2063 frá 13. nóvember 2017 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Venesúela⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 17. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 13. nóvember 2017 samþykkti ráðið reglugerð (ESB) 2017/2063.
- 2) Í ljósi þróunar í Venesúela að undanförmu og þess að lítið miðar í átt að viðræðum undir forystu Venesúela til endurreisnar lýðræðinu og réttarríkinu og í ljósi áframhaldandi alvarlegrar stöðu í mannréttindamálum í landinu telur ráðið að færa ætti 15 einstaklinga á skrána yfir einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir, sem falla undir þvingunaraðgerðir, sem sett er fram í IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/2063.
- 3) Því ætti að breyta IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/2063 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/2063 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. janúar 2025.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

A. SZŁAPKA

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 295, 14.11.2017, bls. 21, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2017/2063/oj>.

VIÐAUKI

[Viðaukar eru birtir á vef Stjórnartíðinda ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2025/42/oj.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópu-ambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur viðaukanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér: https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list_

B-deild – Útgáfudagur: 12. mars 2025